

Ed.

629. Lög

um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Ölfusá skal undanþegin þeim ákvæðum í 1. gr. laga um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886, sem tilfærð eru hér á eftir innan tilvitnunarkerkja og hljóða þannig: »A þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu«.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 15. júní 1923.